


Ífgeislar

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR 55. TBL. 11 ÁRG. DESEMBER 1985.



Hin himnesku svið spíritismans er að finna á stjörnunum.
Helgi Pjeturss.

Vetrarbrautin stórkostlega

I

Í stjörnumerkinu Veiðihundarnir (Canes Venatici) er geysimikil vetrarbrautahvirfing, sem sjá má í sterkum stjörnusjáum.

Ein þessara vetrarbrauta hefur skrásetningarmerkíð M 94 (=NGC 4736). Við fyrstu sýn virðist hún vera „hæglát“ og ekki sérstaklega athyglisverð. En við nánari rannsóknir hafa stjörnufræðingar komist að þeirri niðurstöðu, að hún sé ekki öll þar sem hún er séð, heldur að hún leyni á sér og eigi alllitið. Þeim virðist nefnilega sem í henni sé um óvenjumikla hreyfingu eða ókyrrð að ræða, eða eins og allt ólgí hér og kraumi, einkum að því er varðar innri hluta hennar, eða sjálfan kjarnann, þann sem bjartastur er héðan að sjá.

Þess vegna er það tilgáta sumra stjörnufræðinga, að hér hafi orðið um geysimikla sprengingu að ræða í miðhluta hennar, og að síðan sá atburður varð, muni vart liðinn vera lengri tími en svo sem tíu miljónir ára, en sá tími þykir ekki langur, á stjarnfræðilegan mælikvarða.

ENN fremur hefur komið upp sú hugmynd eða tilgáta meðal stjörnufræðinga að í venjulegum þyrilvetrarbraut um verði stundum sprenging eða snögg útþennsla í innsta hluta þeirra með ákveðnu millibili, en að þær jafni sig aftur á milli og nái þá sinni venjulegu eða aðlilegu lögum. Þannig gæti kyrrðarástand og útþennslu- eða sprengingarástand skifst á og endurtekið sig aftur og aftur innan einnar og sömu vetrarbrautarinnar.

Þegar við menn horfum á hinum ýmsu vetrarbrautir með tækjum okkar, og sjáum sumar þeirra í kyrrðarástandi en aðrar í ólguástandi, stafi þessi mismunur af því, aí við sjáum hverja þeirra um sig, aðeins á mismunandi stigi þeirra eða þróunarferli, eins og þær litu út, er ljósgeislinn lagði af stað frá hverri einni þeirra, uns hann náði augum okkar óralöngu síðar, þ.e. nú, á þeim tíma sem við hér erum að athuga þessar miklu alheimseyjar í regindjúpum geimsins.

Þorsteinn Guðjónsson

Stærð himnaríkis

Þegar Hákon gamli, Noregskonungur, (sem varð reyndar ekki nema sextugur, Hákon ungi var sonur hans) spurði Þórð Sighvatsson að því, þar sem hirð var saman komin í höllu, hvort honum væri svo illa við Gissur Þorvaldsson að hann vildi ekki vera í himnaríki, ef Gissur væri þar, þá fólst í því óbeint, að Gissur ætti öllu meiri von til sliks en Þórður. Enda var hinn fyrrnefndi skyldari konungi í eðli en hinn síðarnefndi. En Gissur hafði brytjað niður aett 'þórðar, svo honum var vandi á höndum um svarið. Þórður sagði: „Vera gjarna, herra, og væri þó langt í milli okkar“ — Flestir hafa tekið þetta fyrst og fremst sem snjallt tilsvar. En mér virðist það einnig bera vott um rausnarlegri hugmyndir um stærð himnaríkis, en þær sem menn áttu að venjast. „Sálin er í himnahöll, hæstan guð að lofa“ eða „þar söfnuð hans vér sjáum og saman vera fáum, í húsi því sem eilíft er“ sögðu þeir á síðari öldum, og er þar allt lægra til lofts og kotungslegra en forðum var. Svo er að sjá sem Sturlungar a.m.k. hafi gert sig dálítið sjálfráða í landfræðilegum skilningi sínum á himnaríki. Og um Sturlu Þórðarson yngra er það víst, að hann stundaði draumafræði sína á skipulegan hátt, og ber þar enn að sama brunni.

Himnaríki heitir á forngrísku „he basileia tón úranón“ það er: Konungsríki himnanna“ og vekur undireins hugmynd um rúmgott svæði. Er samræmi í ýmsu í Nýjatestamentinu ef munað er eftir því að himingeimur var riturunum hugstæður, samræmi sem annars væri ekki. En í riti Swedenborgs „Um jarðstjörnurnar í himingeimnum“ (De telluribus in universo) kemur fram hugmyndin um hinn *Mikla Mann Himnanna*, og er svo að sjá sem þar sé átt við „samvitund framlífsríkja fólks“ á fjölda stjarna, — þess sem er á réttri leið. Mikli Maður er heildarveran sem kemur fram, þegar allar verur stjarngeimsins samstillast og virðist þetta skylt hugmynd Platóns um

Zóon Mega (geysimikla lifandi veru), sem Jónas Hallgrímsson og Helgi Pjeturss minnast á, — en sjálfur notaði Helgi orðið Hyperzóon, sem hann myndaði á grísku máli.

Þetta sem nú var rakið segi ég ekki til þess að „slá um mig“ með því heldur til þess að auka bjartsýnina. Það er ekki hægt að vera bjartsýnn án þess að „treysta Guði“ með nokkrum hætti — en það er ógerningur að treysta guði gamla testamentisins. Grískir og sænskir höfundar eru traustverðari í þeim efnum. En það sem hefur veikt traust sumra á riti Swedenborgs: *Um jarðstjörnurnar í himingeimnum* er það að hann hélt að pláneturnar hér í sól-hverfinu væru byggðar. En það voru bara plánetur í öðru sólhverfi, sem hann hugskynjaði og lýsti, og þegar þessa er gætt kemur í ljós að lýsingar hans eru staðgóðar og traustar. Ég leyfi mér að þýða smákafla úr ritinu: (Ath. og feitletranir mínar).

„Það að allur Himininn (les: framlífsríkin í heild sinni) líkist einum manni, sem þess vegna er kallaður hinn Mikli eða Mesti Maður, og það, að allt sem er í hverjum manni, bæði innra með honum og út á við, svarar til hins Mikla Manns himnanna, er leyndardómur, sem enn er ókunnur hér á jörð. . . En til þess að mynda þennan Mikla Mann nægir ekki afli þeirra, sem koma frá okkar jörð í Himininn (les: í framlífsríkin). Peir verða að koma frá fjölmögum hnöttum öðrum. Fyrir því er séð af Drottni, að undireins og fer að skorta á magn og gæði hlutfallanna (sem verða að vera í hinum Mikla Manni) er séð fyrir því, að aðstreymið aukist frá annarri jörð í þeim tilgangi að hlutföllin haldist rétt. Og á þennan hátt heldur Himininn sér við“.

(Swedenborg: Jarðstjörnurnar í himingeimnum, grein nr.9)

Þarna er berum orðum sagt, að frá ótal hnöttum í alheimi, þar sem lífið er líkt og hér, (frumlífsjarðir) streymí eftir dauðann mannfjöldi inn í Himnaríki. Það er óhætt fyrir hvern sem er, að lesa annað eins og þetta þrem sinnum, eða þrisvar þrem sinnum. Að því loknu ætti einnig að geta farið að renna upp fyrir mönnum að Himnaríki sjálft er einnig á enn öðrum hnöttum, er sjálft samband hinna framsæknu mannkynja sem stefna til alfullkomnumnar, en ekki í „andlegri“ veröld eins og margir hafa trúað.

Oft hef ég leitt hugann að því hversu það megi verða, og á hvern hátt það gerist þegar svo vel tekst til að mannkyn snýr af helstefnubraut yfir á hina réttu braut, lístefnuna. Mér hefur dottið í hug að sumstaðar hafi konur haft forystuna, og meðal annars af þeim sökum hafi kvennafundirnir 1975 og 1985 tekist svona vel. Það er aðeins hin svokallaða forysta fyrir kvennamálefnum, sem hefur snúið þessum fögru hreyfingum upp í andstæðu sína forysta sem vantaði skilning á góðri heimsspeki að nokkru leyti.

Swedenborg segir að hlutföllin verði að vera rétt. Og hér er það sem kynþáttafraðin koma til skjalanna, og einnig bjartsýnin. Auðsætt er að það er misvöxtur kynstofnanna sem Swedenborg á við, þegar hann talar um skort á gæðum hlutfallanna. Einnig er augljóst að hér á jörð, þar sem unnið hefur verið skipulega að útrýmingu hins norræna kynstofns, — er komið nærrí hinum ystu mörkum þess sem lífið getur þolað. Allra mest hefur þetta verið gert, með því að eitra hugarfar hinna norrænu gegn sjálfum sér, gera þá að „sjálfskynþáttahöturum“. Af þessu verða margir svartsýnir og hætta að eiga börn en það verður til þess, að áhallinn verður enn meiri. Það yrði lítið gaman að lifa í framlifi, ef þróunin yrði þar lík því sem verið hefur hér að undanförnu og er enn. En úr þessu segir Swedenborg að verði bætt og mun frjósemin aukast hjá vorum stofni á öðrum frumlífhnnöttum, hvernig sem hamast er og heljast hér á jörð.

Porsteinn Guðjónsson.

Myr:

Spekiorð úr kenningum Anaximanders

(F. 611 f. Kr. í Miletos í Litlu-Asíu).

Jörðin á sér enga undirstöðu og er umlukt lofti.

Hinar fyrstu lífverur urðu til í sjó. Síðar, er tímar liðu, hófu sumar tegundir þeirra landnám og aðlöguðu sig nýjum lífsskilyrðum. Þannig verður þróun mansins rakin til fiska.

Úr bók Gunnars Dal: Grískir heimspekingar.

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum:

Spurningar og lausnir

Svo sem ég tel engar spurningar eða gátur geta verið óleysanlegar, munu engar lausnir heldur geta verið endanlegar þannig, að ekki muni framar vakna nýjar spurningar. Hvað „Lausn gátunnar“ snertir, þykir mér því að aðalatriði hljóti ætíð að verða, að komist verði á leiðina fram, en það tekst aðeins fyrir það að hitta á rétta byrjun. Þannig komst Kópernikus forðum á leiðina fram, þegar honum tókst loks að leiðréttu skilning sinn á göngu sólarinnar, en það tókst honum á þá leið að gera sér grein fyrir að um engan gang hennar er að ræða. Mætti víst segja að þessi leiðréttung hans hafi verið upphaf hinnar vísindalegu heimsfræði, sem svo smám saman hefur verið að þoka fram, og hefur það þó ekki gerst án mistaka og afturkippa. Gerðist slikt þannig, þegar á þessari öld (um 1930) var farið að halda því fram sem óhrekjanlegri vísindaniðurstöðu, að plánetusólin, eins og vor sól óneitanlega er, væru alger fágæti, og mætti fleiri slik dæmi nefna. Er eitt sú staðhæfing, sem kennd er við frægasta vísindamann aldarinnar, að ekkert geti farið fram úr hraðfleygi ljósgeislans, og mun sú staðhæfing nú af sumum virtum fræðimönnum ekki lengur vera talin alveg held.

Varðandi vísindalega þekkingu og skilning á lífinu og eðli þess, þykir mér sem stærsta skrefið hafi verið stigið fram, þegar fyrst var hér farið að tala um lífgeislun á milli stjarnanna, heimssamband lífsins, en íslenskur maður varð til þess að gera það uppúr fyrsta tug aldarinnar. Var upphafið þar, að maður þessi hafði gert sér ljóst sambandseðli svefnsins og það, að undirrót drauma sofandas væri ævinlega vökulif einhvers annars. Purfti hann

auðvitað til þess að fara að tala um slíkt að hafa komist að raun um hugsana- og skynjanaflutning milli manna. Og hér þurfti meira en það. Til þess að fara að tala um lífsambond á milli sólhverfa og vetrarbrauta, þurfti hann að hafa gert sér ljóst, að stundum beri það fyrir dreymandann, sem ekki hafi getað gerst eða verið séð á þessari jörð. En til slíks má telja framandi himinsýnir og margt fleira.

Fyrir tíu árum gaf ég út litla bók sem ég nefndi „*Drauma og svefn*“ og var meining míni með því fyrirtæki að styðja þessa niðurstöðu um sambandseðli svefnsins og samkynjunar eðli draumanna. Hafði ég þá um marga áratugi þauprófað og hugleitt hana, með þeim árangri að verða æ sannfærðari um raunveruleik hennar. Hefir um þessa bók mína hvergi verið skrifað svo ég viti, fyrr en ég sjálfur geri það nú.

Geri ég hér að vísu ekki annað en geta þess, að þar segir frá ýmsum raunverulegum og ólognum dæmum, sem færa óhrekjanlegar sannanir fyrir nefndum niðurstöðum. Einnig er í bók þessari lítillega sagt frá viðbótarskilningi af minni hálfu, og skal hér nú, að mestu orðrétt, tekið upp það sem segir í niðurlagi bókarinnar:

„Hjá vakandi manni má segja, að atburðir þeir er fyrir hann ber og hann skynjar, leika beint á strengi minninga hans eða vitundar. Hjá sofandi manni verður þetta hinsvegar með öðrum hætti: Minninga- eða vitundarstrengir sofandi manns taka aðeins undir með minninga- eða vitundarstrengjum vakandi manns. Verður af þessu auðskilin sú rangtúlkun hans, að um eigin minningar hans hafi þar verið um að ræða. Hinn sofandi maður skynjar aðeins skynjanir annars eða annarra. Og nú ætla ég hér að síðustu að víkja að einni lítilli athugun minni, en hún er, að komið hefur fyrir mig, að muna ekki hvort eitthvað bar fyrir mig í draumi eða ég lifði það í vöku. Slíkt kemur hinsvegar aldrei fyrir að ég blandi þannig saman því sem ég hef lifað og því sem ég hefi aðeins hugsað. Og er þetta nokkur stuðningur við það, að draumar séu ekki einungis hugarburður dreymandans.“


N.T. 2.8.1985.

Ingvar Agnarsson.

Litróf stjarnanna.

I.

Lengi höfðu menn reynt að geta sér til um efni það sem sólstjörnurnar eru gerðar úr en jafnan talið, að slíkt mundi aldrei takast. En lausnin kom næstum óvænt. Menn uppgötvuðu, að hin ýmsu frumefni senda frá sér mismunandi geisla. Þetta var hægt að athuga í rannsóknarstofum. Búnar voru til svonefndar litsjár, og er þeim var beint til stjarnanna, kom í ljós, það sem ýmsum fannst næsta furðulegt, að einnig þær eru gerðar úr sömu frumefnum og okkar jörð. Litsjártækni hefur þróast mjög undanfarna áratugi. Með litsjárkönnun er nú hægt að segja til um ýmislegt ástand stjarna og vetrarbrauta, og einnig um fjarlægðir þeirra og hraða.



Myndin sýnir litróf tveggja stjarna.

II.

Lengi hafa menn reynt að geta sér til um, hvaðan stafa muni þau fyrirbæri, sem nefnd eru draumar. Flestir hafa gert ráð fyrir að draumarnir ættu upptök sín í eigin heila dreymandans. En eftir að dr. Helgi Pjeturss uppgötvaði eðli draumlífsins þá liggur ljóst fyrir, hvaðan þeir stafa. Draumgjafa er hér um að ræða. Draumarnir eiga upptök sín í vökulífi annars manns.

Menn hafa lengi getað hugsað sér, að líf mundi þrósat á öðrum hnöttum, en jafnframt talið, að aldrei yrði unnt að vita neitt um eðli þess lífs, sem þar væri lifað.

Eins og geislar stjarnanna bera með sér vitneskju um efnasamsetningu og ásigkomulag þeirra, eins veita draumarnir upplýsingar um eðli þess lífs, sem þeir stafa frá. Því hver lífvera sendir frá sér geislan, og draumar berast frá vakandi manni til sofandi fyrir geislan. Fjarlægðir eru þar engin hindrun. Stundum höfum við draumasamband við einhvern íbúa annrarar stjörnu og þá fáum við ýmsa vitneskju um þann einstakling, sem sambandið er við, og jafnframt um ýmis atriði hnattar hans, svo sem fjöll og sjó, gróður og dýr, byggingar, stjörnum skreyttan himin, sól og tungl o.s.frv. Og af þessum draumsýnum má stundum ráða, hvernig umhorfs er á hnetti draumgjafans. Við sjáum oft, að þar er um talsverð frávik að ræða, frá því sem við þekkjum hér á jörð.

III.

Svið þekkingarinnar hefur stækkað óðfluga. Eins og efnafræðin er nú farin að ná út til stjarnanna, eins er líffræðin farin að ná út til lífheima stjarnanna, fyrir uppgötvun lífgeislunarinnar.

Stjarnfræði og stjarneðlisfræði er nú mjög stunduð víða um heim með miklum árangri. — Ef stjörnulíffræðin væri stunduð með eins miklum áhuga mætti gera ráð fyrir jafnmiklum og þó raunar enn meiri árangri á því sviði. Stjörnulíffræðin er vísindagrein framtíðarinnar og þótt enn kunni óliklegt að þykja, þá mun heill og framtíð mannkynsins velta á ástundun hennar. Hér verða það lífamböndin, sem skipta máli.

Þorbjörn Ásgeirsson

Lífgeislæindirnar og efnafræðilegir möguleikar framlífsins.

Í bókinni Nýall eftir dr. Helga Pjeturss, stendur á bls. 39:

„Megum vér vel skilja, þegar oss er kunnugt orðið, að hver lifandi vera geislar frá sér nokkurskonar krafti og leitast við að framleiða sjálfa sig í öðrum verum, að í slíkum kenningum fornra spekinga, er stefnt í áttina að mjög merkilegum sannindum. Vér verðum að hugsa oss óendenlegan verund (ég hefi þetta orð karlkyns; það hefir ef til vill verið af svipuðum ástæðum sem Empedokles segir sfairos en ekki sfaira) og einmitt af því að hann er óendenlegur, bætir hann alltaf við sig. Hinn fullkomni verundur hrindir frá sér því sem er ófullkomið, því sem snúist getur til ills, verðimegund hins illa. Þannig kemur fram hyle grískrar speki, efni heimsins. En saga heimsins er þannig, að hinn fullkomni verundur leitast við að framleiða sjálfan sig í hinu ófullkomna efni, snúa hinu ófullkomna til fullkomunar. Saga heimsins er endanlegur þáttur í tilveru, sem er óendenleg. Og vér getum nú, með því að meta réttar forna speki og styðjast við hinar nýju athuganir, sem gerðar hafa verið, fengið betra yfirlit en áður yfir þessa sögu. Hið ófullkomna getur ekki nálgast hið fullkomna og þess vegna verður á hinn veginn; til þess að gera „efnið“ sér líkt það sem er svo ófullkomið, að grískir spekingar nefndu það to me on, það sem ekki er, verður hinn fullkomni verundur að lúta að því, nálgast ófullkomunina. Nevisis-lögþálið mætti ef til vill kalla þetta. Geislunin frá hinum fullkomna til „efnisins“, framleiðir ekki þegar í stað hann sjálfan, heldur hrindir „efninu“ fram á leið verðandinnar og kemur fram sem kraftur í ýmsum myndum: Magnast þá „efnið“ og fer þá

að taka breytingum: Aðdráttaraflið verður til, hiti og ljós, heimspokurnar koma fram og sólkerfin, eða réttara sagt sólhverfin, fara að skapast. Og seinna, þegar sögu sólhverfanna er nógu langt komið, kemur geislunin frá hinum fullkomna fram sem líf á hinum kólnandi hnöttum. Örlítilli ögn af hinu líflausa efni, er fyrir tilkomu kraftarins snúið til lífs, og hefst þar hin merkilegasta saga. Hinn geislandi kraftur er alltaf hinn sami, en efnið sem fyrir geisluninni verður, magnast lengra og lengra og sífellt margbreylegri aflmyndir koma þar fram. Því lengra sem magnanin er komin, því fullkomnari aftategund getur hið magnaða tekið við. Mætti nefna þetta anadrome-lögmálið. Þannig magnar hinn fullkomni hið ófullkomna til sín. Það er eins og víxlstraumur sem á sér stað viðleitni á að hefja hið ófullkomna til fullkomnunar, og svo hinsvegar nokkurskonar útsog: Hinn skapandi kraftur lagar sig að nokkru leyti eftir því sem hann er að skapa, eins og til að geta náð tökum á því; eru þaðan bæði hin ýmsu náttúruöfl og hinar ýmsu dýra- og jurtategundir; kemur þar til greina þetta sem Lamarck skildi svo merkilegum skilningi. En takmarkið er fullkomin „harmoni“ samstilling allra krafa og allra tilverumynda. Þessa viðleitni til samstillingar má glöggt skilja, jafnvel á svo ófullkomnu tilverustigi, sem verið er á hér á jörðu.“

Þessi samstilling, sem þó var takmörkuð, en varð til þess að líf gat myndast hér á jörðu, verður að þróast eftir réttum farvegi. Hún getur þróast í tvær áttir, til illra hugsana og framkvæmda eða til framfara. Óhamingjan skapast fyrst vegna illra hugsana. Það er „helstefna“ að ala með sér illar hugsanir. Leiðin til lífsins, það er gleðin, hamingjan og velgengnin, „lífsstefnan“. Þessar tvær leiðir hefur maðurinn möguleika til að velja um, en því miður hafa þjóðirnar leiðst í helstefnuátt. Það er nauðsynlegt að skilningur á lífinu komi í stað blindrar trúar.

Þó hefur þessi blinda trú hjálpað mörgum og fyllt líf þeirra geislandi sælu sem sokknir voru í djúp myrkurs og örvaentingar. En slík trú höfðar ekki til allra. Maðurinn er skapaður til að vita, leita sér þekkingar, nota vitsmuni sína til þess að skilja sannleikann sem er í raun óendan-

legur. Hugsun mannsins sem stefnir til aukins þroska og meiri þekkingar er einnig í raun óendanleg.

Pess vegna er manninum nauðsyn að skilja það sem hann trúir á, svo hann komist einu stiginu hærra. Heiðarleiki hans verður honum einnig til framdráttar því hann leitar þá aðeins að því sem réttara er, lokar sig ekki inni í hring fyrirframskoðunar sem hann vill ekki breyta. Menn eiga að geta tekið afstöðu en þó með þeim fyrirvara að geta breytt henni ef annað reynist sannara.

H.P. segir: „*Pó sumum kunni að koma það undarlega fyrir sjónir, þá er það víst, að vissan er stórum vísindalegri en efasemin, og eintómar efasemdir hafa aldrei leitt til stórra uppgötvana. En það sem muninn gerir er, að hve miklu leyti menn hafa hæfileikann til að vera ekki vissir fyrr en rétt er að vera það*“.

Vitað er að vegna ákveðinna skilyrða við sameiningu ákveðinna efna mynduðust lífræn efni úr ólífrænum efnum í árdaga. En hvernig það gat orðið, er hin stærsta ráðgáta og sú sem vísindamenn í dag gjarnan vildu geta ráðið.

Í síðustu ritgerð minni sem birtist í maí-hefti „Heima er best“ 1984 minnist ég á „lífgeislann“ og þá ályktun sem ég dreg, það er, að í þessum geisla séu lífeindir sem hafa þá hæfileika að bera í sér lykilheimildir. Það þýðir að allt sem hugsað er og allt tilfinningalíf viðkomandi lífveru og öll líkamleg áverkun kemur fram í lífeindunum og verður að heimildum, og það verður þá skýringin á hvers vegna í „árunni“ myndast breytilegir litir eftir ásigkomulagi lífverunnar. Þá mætti eins segja mér að hún taki eins með sér heimildir þær, sem hún hlýtur að geta numið, sem verður umhverfis hana, þegar hún hverfur héðan skyndilega og kannski til óendanlega fjarlægs staðar, þar sem einhver tekur á móti henni.

Þá má telja víst að það sem ég hef áður greint í „Heima er best“ um það sem gerist þegar dáleiðsla, miðilsfyrirbæri og huldufólkssýnir eiga sér stað, þá sé skýringin fólgin í lífeindaheimildunum og það mætti kannski nefna þetta „lífeindalögþá.“

Ef framangreind atriði reynast vera nærri sanni þá verður mun auðveldara að skýra önnur atriði, sem koma við

kenningum H.P. Það er hvernig myndaðist lífið hér á jörðinni. Þá er ég kominn að hinni stóru ráðgátu sem verður miklu auðveldari viðfangs, þegar undirstöðuatriðin eru vituð.

Alla tíð meðan jörðin var að myndast dundi á henni „lífgeislaorka“, stanslaust frá óteljandi hnöttum þar sem einhverjar lífverur voru. Þegar skilyrðin voru fyrir hendi komust „lífteindirnar“ í snertingu við ólífrænu efnin á jörðinni með sínar heimildir og breyttu ólífrænum efnunum í sig.

Það má telja líklegt, að fullkomnari verur frá öðrum hnöttum þaðan sem „lífgeislunn“ kom og kemur frá, hafi áður verið ófullkomnar. Hefur hann því að geyma allar upplýsingar um þróun sína og er þá eðlilegt að gera ráð fyrir að æðri „lífteindir“ geti tengst óæðri efnunum, og vinnur lífgeislunn þannig smáum saman að því að breyta efninu í sig. Ef þessi ályktun er rétt þá getur hið ófullkomna ekki nálgast hið fullkomna, þar sem mynstur hins óæðra hefur engar heimildir um slík tengsl.

Vegna æðri „lífteindar“ og heimildarlykla hennar var hægt að mynda líf hér á jörðu, þegar viss skilyrði voru fyrir hendi. Dýr merkurinnar og dýr sjávarins mynduðust, þróun tegundanna var ekki umflúin, og maðurinn varð til.

Hvernig og hvenær myndaðist barnssálin í móðurkviði?

Nú langar mig til að rekja feril lífeindarinnar í móðurkviði eins og ég tel hana vera. Lífið er allt samþyggt af efnahvörfum þeim sem lífefnafræðin fæst við. Strax við frjóvgun í móðurkviði byrjar eggjð að æxla sér. Við eigum kjarnasýrusameindunum þetta að þakka. Þær hafa þá eiginleika að geta myndað aðra nákvæmlega eins sameind, vegna þess að þær flytja með sér heimildir um gerð annarra sameinda. Eggfruman byrjar að fjölda sér úr einni í tvær, fjórar, átta, sextán o.s.frv.

Áður en ég held áfram vil ég nefna eina sameind sérstaklega, það er Ademosinfosfat. Þegar efnissundrun á sér stað svo sem fjölsykur eða fita þá berst orkan út í umhverfið sem varmaorka. En í lifandi efni kemur adenosinfosfat í veg fyrir tap öndunarorkunnar, því hún tengist nýjum efnatengslum innan sameinda adenosinfosfats og það safnar orkunni og geymir hana. Slíka eiginleika hlýt-

ur lífeindin að hafa þar sem hún er samofin efninu á meðan það er lifandi.

Hver einasta fruma hefur í sér og umhverfis sig ákveðið svið „lífgeisla“ sem getur afmagnast og magnast eftir stilliáhrifum. Við efnaklofning í frumunni (egg) myndast aukaorka sem tengist nýjum efnatengslum sem geyma hana. Líforkan hlýtur að hafa sömu eiginleika; hún magnast og verður meiri en tvöföld við efnaklofning í frumunni og myndast þess vegna einskonar aukaorka sem hverfur ekki heldur samtengist þessum tveimur frumum, það er *einskonar* adenosinfosfat í lífeindinni sem heldur orkunni saman. Nú eru frumurnar orðnar tvær og þær hljóta að hafa sitt einstaklingseðli (ein fruma er lifandi því hún hefur lífgeislun í og umhverfis sig, sem er sál hennar) þó að þær séu samtengdar efnafræðilega, enda hljóta þær þá líka að vera samtengdar sálfræðilega. Þessi umframorka „lífgeislunarinnar“ hlýtur að tengja þessar tvær frumur saman sálfræðilega og er því aðalstjórnandi. Hún er þá aðalsál þessa tveggja fruma og hún er hugsuðurinn. Síðan gerist það sama við næsta efnaklofning, þá verða þær fjórar og yfirorkan er þá sál þessara fjögurra fruma. Þannig myndast sál barnsins, hún vex við hverja frumuskiptingu og verður þroskaðri eftir því sem myndun barnsins verður fullkomnari.

Ef frumuvefur deyr (óþroskað barn) í móðurkviði þá er það þessi umframorka vefsins, sem er sál hennar. Það er hún sem losnar frá óþroskaða barninu og fer samkvæmt kenningu dr. H.P. til annarra hnatta og tekur á sig mynd í samskonar vef (með aðstoð þeirra sem þar eru fyrir) vegna þeirra lykilheimilda sem lífeindirnar hafa safnað í sig og bera með sér frá dána óþroskaða barninu. Þar þrokkast hún við þau skilyrði sem þarf og verður að fullkomnu þrokskuðu barni.

Þessi ályktun sýnir fram á nokkra stórkostlega hluti. „Lífgeislunin“ sem er í manninum og umlykur hann hefur í sér samsvörum við alla eiginleika efnisins, sem líkami mannsins hefur. „Lífgeislann“ má þá telja einskonar tölву, sem hefur mynstur um það hvernig og hvað hún á að gera eða sameina. „Lífgeislinn“ hefur ekkert annað mynstur til að fara eftir, þegar hún hverfur úr líkama mannsins. Þess vegna verður að gera ráð fyrir að hún

hljóti að fara á einhvern líkan stað eða umhverfi þeim, sem efnasambönd „lífgeislans“ segja til um, og þá má gera ráð fyrir að það sé einhver hnöttur. En þar sem „lífgeislinn“ hefur engar heimildir eða munstur um annað en efniskennda líkama (þá meina ég líkama eins og þá, sem við þekkjum hér á jörðu) eru líkur til að „lífgeislinn“, í þessu sambandi öll sálin með sínum „lífteindum“, myndi sér líkama með holdi og blóði og öllu sem þeim tilheyrir. „Lífteindirnar“ í „lífgeislanum“ (sálin) laga efnið eftir sér.

Líkamsfrystingar

Oft nú síðustu árin hefur komið í dagblöðum fréttir um að þessi eða hinn hafi látið frysta dauðvona ættingja í von að eftir lengri eða skemmri tíma takist læknavísindunum að lækna viðkomandi sjúk líffæri og eftir það telja þeir að viðkomandi frystingur muni lifna að nýju.

Samkvæmt öllu er líkaminn dáinn þegar hann hefur verið frystur, eða það er margt sem bendir til þess. Ég tel líkamann dáinn og sálina vera farna þangað sem hún á heima. En við vitum ef við förum eftir sögnum margra draumspakra manna að sá dáni hafi alltaf einhver tengsl við fyrri líkama sinn á meðan líkami hans er að rotna í kistunni. Ef þetta er rétt þá gefur það til kynna hversu sálin er bundin fyrri líkamanum þó hann sé dáinn, eins og við viljum nefna það.


Fyrir nokkrum árum fundu nokkrir vísendamenn skordýr, á suðurheimskautinu, sem voru frosin þar í ísnum. Þeir tóku sig til og söguðu bút úr ísnum sem skordýrin voru í og þýddu ísinn ásamt skordýrunum eftir kúnstarinnar reglum og það ótrúlega gerðist, að skordýrin lifnuðu við (skrifð eftir minni P.A.). Mér finnst þetta ekkert dularfullt eða er neitt undrandi í dag þó að mér hafi fundist það þá.

Mér finnst það eðlilegt að frumlíkaminn sé sterkari en framlífslíkaminn. Það sýnir sig samkvæmt draumspökum mönnum að ef illa fer um dána líkamann í kistunni þá er viðkomandi framlífsmaður ekki í rónni fyrr en það er lagfært. Við höfum of margar sagnir um slíkt til að afneita því, að mínu viti.

Frystlingurinn sem bíður þess í óvissan árafjölda að læknisfræðin hafi möguleika til að gera við viðkomandi líffæri er alla tíð samkvæmt framangreindu í tengslum við framlífssálina. Þegar hafist er handa við viðgerð á líkamanum og það tekst, þá dregst sálin til fyrri og upprunalega líkama síns því að þar hljóta tengslin að vera sterkust efnafraðilega séð, en það getur gerst og er líklegt að mínu viti, að sá hluti sálarinnar sem ekki hefur beinar lykilheimildir til efnasamsetningar sé sterkari aðilinn og kæri sig ekkert um að koma aftur til þessarar jarðar, nema þá aðeins stutta stund.

Ég er með þessari grein að reyna að vekja athygli á því einu sinni enn, að efnafraðileg rannsókn er undirstaðan til að komast eitthvað áfram í þekkingarleit um framlifið.

Tvær lífgeislunarmyndir



Pessar tvær myndir sýna áhrif lífgeislunar frá fingurgómum og bera vott um útgeislun orku, sem hefur áhrif á kraftsviðið í kring. Myndirnar teknar af Ævari Jóhannessyni.

I.A.

Gunnar Hjörvar.

Pýramídinn mikli og tungumál.

Formáli.

Pýramídinn mikli er stórkostlegt spádómstákn. Gangar hans og salir sýna atburðarás allt til dagsins í dag og lengra fram. Hér hafa guðirnir verið að verki.

Fyrir miðilsmunn er sagt að guðirnir leitist fyrst við að koma tungumáli sínu fram á einum hnetti og að sú þjóð, sem guðamálið tali, sé hæfari til forystu en aðrar.

Nokkur staðfesting á þessu er það, þegar sagt er fyrir miðilsmunn: „Pýramídinn og Ísland tala guðamálið”. (24. 6 '85)

Hér við bætist svo frásögn bíblíunnar af miklum turni, sem tengdur var tungumálum. (I Mós. 11,1-9)

Það er því ekki úr vegi að gera ráð fyrir, að tákni Pýramídans mikla sýni slíka sköpun tungumáls á jörðinni og þróun þess.

Skýring á mynd.

Inngangur. Niðurhallandi gangurinn er í stefnu á pólstjörnu þess tíma, þegar pýramídinn var reistur, „Drekastjörnuna”. Nokkuð fyrir innan dyrnar eru gróp í veggjum gangsins. Þau mynda flót, sem er í stefnu á „Halkión” í Sjöstirninu. Við þessi gróp hefst tímáriti pýramídans. Hver þumlungur táknað eitt ár.


Hebreska. Upphallandi gangurinn hefst við daga Móse. En hann var ekki aðeins trúarleiðtogi, heldur einnig brautryðandi í ritun tungumáls. Neðsti hluti þessa gangs gæti þannig táknað hebresku.

Latína. Við upprisu Krists, árið 33, hækkar gangurinn

undir loft. En með kristninni hefst nýr þáttur í útbreiðslu ritaðs máls. Það efldi latínuna. Pennan upphækkaða gang, „Stallaganginn“, mætti tengja latínunni og þróun hennar.

Gríská. Lárétti gangurinn, sem hefst við daga Krists og endar í sal, „Drottningarsalnum“, ætti að sýna þróun tungumáls, sem tengt væri kristninni frá upphafi hennar. Það getur aðeins verið gríská.

Franska. Í Nýal, s. 369, er franska talin að hluta til dótturmál grískunnar. Eftir því gæti Drottningarsalurinn táknað frönsku.



Pýramídinn mikli. Teikning Gunnars Hjörvars.

Enska. Upphallandi gangurinn endar í háu þepi, „Ameríkska þepið”. Það er við árið 1846. En um það leyti fann Hoe upp prentvél sína, sem efldi mjög enska tungu. Láréttu ganginn frá þessu þepi mætti því tengja enskunni. Þessi gangur endar í sal, „Konungssalnum”, sem sýndi þá þróun enskunnar eftir síðari heimstyrjöld. *Pýska.* Bugðan á niðurhallandi ganginum er við árið 1440, en það ár fann Hollendingurinn Jenson upp nýja aðferð við prentun, og 1521 en þá þýddi Lúther bíblíuna á þýsku. Hvortveggja efldi þýskuna. Þessi gangur virðist þannig sýna þróun þýskunnar. Gangurinn endar í hvelfingu, „Neðanjarðarhvelfungunni”, sem ætti að sýna þróun þýskunnar í báðum heimstyrjöldunum og árunum þar á milli.

Frá neðanjarðarhvelfungunni liggar síðan þróngur gangur á lægra gólf. Hann endar við árið 1994. Það ætti að tákna þáttaskil í þróun tungumáls.

Íslenska. Táknin varðandi Ísland og íslenska tungu eru utanvert á pýramídanum. Efst er flötur. Tindsteininn vantart. Sagan segir, að honum hafi verið hafnað af smiðnum. Við suðausturhorn pýramídans er steinvísir, „Íslandsvísisinn”. Séu lífur dregnar frá honum yfir tindflötinn, þá stefna þær á Ísland. Það bendir til þess, að tindsteinn pýramídans sé tákn íslenskunnar. Hún sé guðamál þessa hnattar.

Eftirmáli.

Það virðist réttara að skýra tákn Pýramídans mikla í ljósi tungumála, heldur en trúarbragða, eins og gert hefur verið. Gera ráð fyrir því að gangar og salir pýramídans sýni tilraun guðanna til að koma tungumáli sínu fram á þessari jörð. Tilraunin virðist hafa mistekist að því er varðar önnur tungumál en íslensku. Eina von mannkynsins sé bundin við það tungumál, sem tindsteinninn tákna, íslenskuna.

21. 11. '85.
Gunnar Hjörvar.

Hamfarasögur.

I.

Sagan um „Aladdín eða töfralampann“ í *Púsund og einni nött*, í snilldarþýðingu Steingríms Thorsteinssonar, gerist aðeins að litlu leyti hér á jörðu, heldur fyrst og fremst, og líklega algjörlega á öðrum hnetti eða hnöttum, þótt snillingurinn, höfundur hennar, staðfæri viðburði hennar hér á jörðu, eftir bestu getu. Mjög er einkennandi fyrir sögu þessa, hversu mikið er um fyrirburði þá, sem hamfarir nefnast, þ.e. að menn og hlutir flytjast á andartaki milli fjarlægra staða.

Aladdín, aðalsöguhetjan, kemst yfir lampa nokkurn og andi hans hafði þann mátt til að bera, að geta látið allar óskir lampaeigendans rætast.

Hér er um það að ræða, að Aladdín sem verið mun hafa íbúi einhverrar annrarar jarðar, hefur ráðið yfir lífafli svo miklu, eða sambandskrafti, vafalaust vegna samstillingar hans við aðra máttuga samstirninga sína, að stórkostlegar hamfarir gátu átt sér stað fyrir hans tilbeina.

Fyrsta hamfarasagan segir frá því, er andi hringsins bjargar Aladdín úr neðanjarðarhelfingum ógurlegum, upp á yfirborð jarðar. Gerist það á svipstundu, og sáust þess engin merki á jarðveginum, að hann hefði komið þar upp. Þarna getur því ekki verið um annað að ræða en hamfaralýsingu.

Þá segir frá því, er Aladdín lætur anda lampans flytja til sín dóttur soldáns, hina fögru Badrúlbúdúr, ásamt tilvondi eiginmanni hennar, til að koma í veg fyrir hjónaband þeirra. Einnig þessi atburður gerist á svipstundu.

Þá gerist það að Aladdín lætur anda lampans færa sér fjöldu skrautbúinna þræla og ambáttu ásamt ógrynnum gimsteina, fegurri miklu, en til eru hér á jörðu, svo að hann geti gengið sómasamlega fyrir hinn mikla konung.

Hliðstæðir atburðir gerast reyndar oftar í sögunni, og ávalt gerist þetta á andartaki eða minna en það. Hér fer fjöldi manns milli fjarlægra staða, ásamt gersemum, sem engan eiga sér líka á okkar jörð.

Stórfenglegasta hamfarasagan er um höll eina mikla forkunnarfagra, er kemur nött eina í hinn víða hallargarð soldánsins. Eru miklar lýsingar á henni og búnaði hennar, sem langt tekur fram öllu því, er hliðstætt þekkist á okkar jörð. Gimsteinar eru t.d. miklu stærri, fegurri og betur unnir en mannlegt auga hefur nokkru sinni augum litið, og mergð þeirra meiri í skreytingu hallarinnar, en nokkrar hliðstæður eru um hér á jörðu. Og ekki er hér eingöngu um hina frábæru höll að ræða, heldur fylgir henni fólk, fegurra, hraustlegra og betur limað, en hér þekkist. Og höll þessi hin mikla og fagra, ásamt fólki, hestum og öllu öðru tilheyrandi er ekki stundarfyrirbrigði, heldur verður hún varandi á þeim stað, sem hún er komin á, um margra ára skeið.

Augljóst er, að hér er verið að segja frá stórkostlegu hamfarafyrirbæri, heil höll með öllum búnaði er látin flytjast úr einhverjum fjarlægum stað, þangað, sem henni er ætlað að vera um lengri eða skemmtíma. Náð hefur verið tökkum á líforku, sambandskrafti, svo sterkum að slíkt fyrirbæri getur gerst.

Síðar í sögunni segir svo frá því, er illmenni nokkurt, komst yfir lampann með vélráðum og nær þar með tökum á anda lampans. Það sem hér er um að ræða, er að einnig illmennið hefur sín sambönd. Og sambandskraftur sá, sem hann hefur tök á nægir til þess að flytja höllina, ásamt öllu sem í henni er, á nýjan stað í mjög fjarlægu landi. — En veldi hans stendur ekki lengi. Aladdín er veitt vitneskja um hvar höllin með kóngsdótturinni er nú niðurkomin, og hann er fluttur þangað á svipstundu. Og með fulltingi hinna miklu krafta (sambandskrafta) sem hann aftur nær yfirráðum yfir, flyst höllin nú enn heim í ríki soldáns, og er sett niður á sama stað, þar sem hún áður hafði staðið. Og svo þægilega fer flutningur þessi fram, segir í sögunni, að hann gerist ekki aðeins á andartaki, heldur fundu þau, Aladdín og Badrúlbudur alls ekki fyrir honum, nema rétt aðeins við upphaf hans og endi, og allt gerðist þetta á augabragði.

Höllin fagra stóð svo áfram, þar sem hún var komin, og nutu þau þar hamingjusamrar ævi, Aladdín og kona hans Badrúlbúdúr.

II.

Mér þykir nærrí einsætt, að saga þessi, hin snjalla og merkilega, sé ekki að segja frá neinum furðum, er gerst hafi hér á jörð. Slíkt gerist ekki. Hér mun aftur á móti vera sagt frá atburðum, sem gerst hafa á öðrum hnetti. Og munu slíkir viðburðir ekki vera óalgengir, þar sem líforkan og samstilling einstaklinga og jafnvel alls þess mannkyns sem í hlut á, er á óendantlega miklu hærra fullkomnunarstigi og samstillingarstigi, en hér gerist, eða sem við getum gert okkur í hugarlund.

Pá er lýsing hinna fögru steina sem við sögu koma, ákaflega athyglisverð. Sú lýsing á enganveginn við neinar þær bergtegundir, sem hér þekkjast, en ekki væri neitt óeðlilegt að ætla, að á einhverjum hnöttum, taki ýmsir kristallar og dýrmætir steinar, mjög langt fram því vegursta sem hér þekkist. – Er og í sumum framlifssögum vikið á þetta sama. Og í Opinberunarbók bíblíunnar er á slikum steinum allgóð lýsing þar sem segir frá hinni nýju Jerúsalem sem stígur niður frá himni. Þar er einmitt verið að lýsa stórkostlegu hamfarafyrirbrigði, þar sem heil borg, ólysanlega fögur, er látin flytjast milli fjarlægra staða og þá sennilega milli hnatta. Og vafalaust hefur ekki þar heldur verið um svif að ræða, heldur skyndiflutning, eins og var með hina óviðjafnanlegu höll Aladdíns, flutningurinn hefur gerst á svipstundu. Borgin hefur afefnast á fyrri staðnum og efnast samstundis á ákvörðunarstaðnum.

Pótt margt verði missagt í sögum sem þessum, vegna ónógs skilnings á eðli fyrirbæranna, þá má telja nær fullvist, að sjáandinn, sá sem sér í fjarsýn slíka hluti gerast, er að reyna að segja frá lífinu á öðrum hnetti, þar sem framvindan er komin nær óendantlega langt fram úr því, sem við, menn þessarar jarðar, höfum enn af að segja.

Þorsteinn Jónsson á Úlfssstöðum.

Fjarskynjun eða líkamning.

Um leið og ég vil þakka fyrir „Lífgeisla“ langar mig til að gera nokkra athugasemd við tvær málsgreinar í ritgerðinni „Sambond við látna vini“. (Lífgeislar, hefti nr. 50, 1984 bls. 151)

Málsgreinarnar eru þessar:

„Það, að konunni fannst maðurinn vera efniskenndur og fullkomlega líkamlegur, gæti bent til þess, að um líkamning hafi verið að ræða.“

„En það, að konan kveðst vera í hálfgerðu leiðsluástandi, meðan heimsóknin varir, gæti eins vel eða frekar bent til þess, að um fjarskynjan hafi verið að ræða.“

Athugasemd mín varðandi fyrri málsgreinina er sú, að á annan hátt getur sjónskynjan aldrei verið en þann, að sjá líkamlegt og raunverulegt fyrirbæri, og segir þetta því hvorki til né frá um það, hvort þarna hafi verið um fjarskynjun að ræða eða ekki. Og eins er um það, sem í seinni málsgreininni stendur. Mér finnst jafnvæl síður en svo, að leiðslu eða sljóvgunarástand konunnar bendi til fjarskynjunar fremur en hins, og geri ég nokkra grein fyrir þessu í ritgerð minni, *Raunverulegir svipir*, sem lesa má í bók minni „Lausn gátunnar“. Er það einkum þriðji kafli þessarar ritgerðar minnar, sem mér þykir koma þessu til samanburðar, frásaga um Palladíu og hversu svipbirting hennar virðist jafnan hafa sljóvgað þann, en hún birtist. En það, að þar hafi verið um raunverulegan svip að ræða eða líkamning, — eins og ég nefni það — og er því til stuðnings meðal annars það, að hinn tveggja ára sonur sögumannsins virðist einnig hafa séð svip hennar.

Þorsteinn Guðjónsson.

Ari fróði og séra Matthíás

Um þá ví sindaaðferð sem nefnd er „sagnfræðileg gagnrýni“ og (nátengda) „heimildagagnrýni“ ofl., er það að segja, eins og margt annað, að veldur hver á heldur. Jafnvel hjá frægum og merkum sagnfræðingi (Kr. Nyrop) las ég forðum dæmi, sem sannfærði mig um, að jafnvel hinum bestu gæti skeikað hrapallega. Dæmið var úr fornislenskri sagnfræði, og rek ég það ekki hér, — en vitanlega er sagnfræðileg gagnrýni jafngóð fyrir því þótt að miklum frömuði hennar hafi orðið eitt-hvað á. En þegar vel gengur, er það eitt af því sem góðum gagnrýnanda þykir mestur fengur að, að ná í tvennar eða fleiri óháðar heimildir um sömu atburði. T.d. frá tveimur ólíkum þjóðum, sem áttu einhver samskipti, sem síðan félru algerlega niður.

Af Íslendingabók Ara fróða má ráða, að kristnihald hefur hér heldur skrykkjótt verið fyrstu áratugina, sem land átti kristið að heita. Voru vígslur aðallega framkvæmdar af flökku- eða trúboðsbiskupum, og eru til ákvæði í fornlögum um greiðslur til slíkra. — En Ari fróði segir:

„Enn kómu hér þrír ermskir, þeir er biskupar kváðust vera, Pétrus, Abraham og Stefánus“.

Ber mönnum saman um, eftir efnisskipuninni þarna, að þetta hafi gerst um 1025. En það sem ég hef lesið í lærðómsritum um þjóðerni þessara þriggja „sem biskupar kváðust vera“ hefur mér fundist fátt um. Hefur mér aldrei þótt annað líklegra en að ermskir þýddi þarna armenskir. Að Ermland við Eystrasalt sé „nær“ Íslandi en Ermland við Svartahaf, skiptir hér litlu máli. Það er úrelt söguskoðun, að samgöngur um langar leiðir hafi verið fágætar á 10. og 11. öld.

Nú víkur sögunni til Geirs Hallgrímssonar og hinnar frægu Austurfarar hans árið 1976. Var honum og föruneyti hans tekið með kostum og kynjum og sýndir margir hlutir. Í borginni Tblisi (Tiflis) var gengið með þá um sali veglegs bókasafns. Til þeirra kom hálærður öldungur og

sagðist vilja sýna Íslendingum forna armenska skrá, og litu þeir aðeins á hana. Þó að sjónvarpsmaðurinn íslenski (nú frægur stjórnálamaður) vildi á allan hátt vera sann gjarn í garð gestgjafanna, sagði hann heldur stuttaralega frá því sem hinn hári þulur vildi segja: *Að getið væri um Ísland í armenskri bók frá því um 1020.* — Nútíðar-Íslendingar telja síkt nær óhugsandi. Peir eru svo greindir og gætnir og forðast alla ævintýralega draumóra.

En það sem Armeninn í Tblisi vildi segja var þetta „Árið 1020“ segir skráin „lögðu upp frá Armeníu þrír nýútskrif aðir guðfræðingar í ferð til fjarlægs lands (eyjar?) lengst í norðri“. Svo var að heyra sem þeir hefðu verið mörg ár í ferðinni og komist á leiðarenda, en hvort frekari spurnir fóru af þeim man ég nú ekki, eftir sjónvarpsfrásögninni. En þessir þrír menn hétu samkvæmt skránni: Pétur, Abraham og Stefán.

Nú er spurningin þessi: Getur nokkur borið á móti því, að skráin í Tblisi og Íslendingabók Ara fróða séu heimildir, sem hvor er annarri óháð? Og hefur nokkur orðið til þess hingað til að benda á þessi augljósu, en mjög óvæntu sögulegu tengsl?

Ef svo er ekki má heita, að merkilegu ljósi hafi hér verið varpað á: í fyrsta lagi söguleg atvik um 1025; í öðru lagi heimildargildi Íslendingabókar yfirleitt, og í þriðja lagi: á hve óvæntan hátt sannleikurinn kemur stundum upp í hendur þeirra — og menn vísa honum frá sér vegna tregðu sinnar.

Eg hef þagað yfir þessu í rúm níu ár, en nú er „mál að mæla“ eins og kýrnar sögðu.

Ekki kemst ég heldur hjá því að minnast á útvarpserindi um þjóðskáldið og frægðarklerkinn Matthías Jochumsson, sem verið var að flytja um leið og ég hripaði ofanritað. (sunnud. 5. jan.) Dr. Gunnar Kristjánsson hafði dregið saman efni af mikilli kunnáttu og kunnugleik á menningarsögu og trúarsögu. Taldi hann eins og margir hafa gert, sr. Matthías hafa átt mestan þátt í því allra manna að móta trúarskoðanir Íslendinga á þeirri old sem er, enda var auðfundið að fyrirlesari dáði þennan mikla andans mann. En þó lét hann ekki hjá liða að hnýta aftan við, að það væri „vafasamur heiður“ að hafa átt hlut að því að

móta þær skoðanir, og virðist það undarleg mótsögn. Verður það varla öðruvísi skilið en svo, að skoðanirnar hafi verið verri en Matthías sjálfur, og á ég erfitt með að koma slíku heim og saman.

Hið fræga tilsvær Brandesar, í bréfi til Matthíasar, að hann hefði „aldrei kynnst neinu yfirnáttúrulegu nema mannlegri heimsku“ (en það tilsvær er vitanlega ekki annað en „sniðugheit“) kom alls ekki fram í deilu um tilvist Guðs, heldur var Matthías þá að reyna að fá Brandes til fylgis við málefni Spíritismans, og er það fölsun sem varla hæfir doktori að segja frá því á annan veg. Fyrir því eru nóg rök og ótvíræð að sr. Matthías studdi það málefni af heilum hug, og höfundur sem sleppir að geta þess vandar ekki málflutning sinn sem skyldi. Eða í hverju voru þessi miklu áhrif sr. Matthíasar fólgir? Það kom ekki fram í erindinu.

Satt er það að vísu, að býsna viðtæk „samstaða“ virðist hafa myndast um það í sumum deildum Háskóla Íslands að hafa það málefni, og staðreyndir, sem þar að lúta, að engu. En „samstaða“ sem byggist á því að „hafa ekki það sem sannara reynist“ verður ekki varanleg, og mun sundrast áður en lýkur.

VETRARBRAUTIN STÓRKOSTLEGA.....

Frh. af bls. 146.

II.

Eitt er þó víst. Stjörnur og vetrarbrautir geimsins munu vera heimkynni lífsins, bæði þess sem stendur mannlífi jarðar okkar langum framar og eins þess sem stendur því langt að baki. Og uppgötvunar stjörnufræðinga um hinn stórkostlega geim ættu síst að vera til að draga úr mikilleika lífsins eða hins æðsta máttar í augum okkar jarðarbarna, heldur hið gagnstæða.

Því ekki mun efni alheimsins, stjörnur hans og vetrarbrautir hafa til orðið af einni saman eigin tilviljun, heldur mun hinn æðsti kraftur lífsins hafa verið hér það frumafl, sem öll sköpun og síþróun á upphaf sitt og framhald til að rekja, og lífið og fullkomnun þess mun einmitt vera hið mikla mark, sem alheimsverundur tilverunnar stefnir að.

Ingvar Agnarsson.

Veiðiárátt.

Sumir menn eru haldnir veiðiáráttu. Drepa, drepa, virð-ist vera þeirra eina hugsun. Aðrir hafa veiði sem tylliástæðu fyrir útiveru og næði, sem þeir njóta við veiðina.

Frá sjónarholi Nýals er allt dráp andstætt tilgangi lífs-ins. Lífið á að ná valdi á hinu líflausa. Fyrir miðilsmunn er sagt: „Megin erfiðleika á sambandi við lífið á stjörnum mætti yfirstíga með því að leggja saman lífsafl dýrs og manns“. (Framnýall, bls. 25).

Menn ættu frekar að reyna að ná sambandi við lífið á stjörnum með því að styðjast við lífafl frá fiskitorfunum, fuglahópunum og öðrum dýrahjörðum, heldur en að deyða að ástæðulausu.

17. 4. 1985.
Gunnar Hjörvar.

Alkyrrð

Aðeins í alkyrrð er unnt að horfast í augu við sjálfan sig, gera upp eigin reikninga, játa öll brot, allar ávirðingar. Hryggjast af mistökum, gleðjast af sigrum.

Aðeins í algjörri einveru og í alkyrrð hugans er hægt að gera skuldaskil við sjálfan sig.

Uppgjör við sjálfan sig er nauðsyn, svo hægt sé að ná réttri stefnu í lífinu.

Við verðum að læra af því, sem við höfum gert rétt, og af því sem við höfum gert rangt, draga af því ályktanir, og taka stefnu í samræmi við þær.

Slíkt lífsuppgjör skyldum við gera við og við, en ekki geyma það fram yfir andlát.

Að vera einn um alkyrra sumarnótt í faðmi náttúrunnar, fjarri mönnum: Aldrei gefst eins friðsæl stund til sjálfskönnum og einmitt á slíkri nótt.

S.S.T.

LÍFGEISLAR 171

Jóhann Gunnar Sigurðsson.

Ef ég gæti flogið

*Ef ég gæti flogið
yfir fjöllin há,
ég þyrfti ekki að horfa
upp í hamrana þá.*

*Ef ég gæti flogið
yfir höfin blá,
ég þyrfti ekki að standa
við ströndina þá.*

Einar H. Kvaran


Öfugur Darwinismus

*Pér finnst það ver grátlegt, góði vin,
ef gömlu trúnni' um Edens-líf vér töpum,
og ljót sú speki', að manna kristið kyn
sé komið út af heimskum, loðnum öpum.*

*Pú segir, allt sé orðið vesælt þá,
ef cettargöfgi vorri þannig töpum. —
Hitt er þó miklu verri sjón að sjá,
er synir manna verða' að heimskum öpum.*

Davíð Stefánsson

Álfahóll



*Pó fjúki í fornar slóðir
og fenni í gömul skjól
geta ekki fönnin og frostið
falið Álfahól.*

*Yfir hann skeftir aldrei
þó allt sé af gaddi hvítt,
því eldur brennur þar inni,
sem ísinn getur þýtt.*

*Par á ég höfði að halla,
þótt hríðin byrgi sól,
fjúki í fornar slóðir
og fenni í gömul skjól.*

(Úr: Svartar fjaðrir).

Draumur um svif, hátt í loft upp

I

Mig dreymdi, að ég væri á gangi á víðáttumikilli sléttu, ásamt öðrum manni, sem mér fannst rétt í svip að væri J.R.H. — maður sem ég bekki, — en sú rangþýðing stóð aðeins skamma stund. Bjart var yfir öllu, en ekki tók ég eftir neinni sól. Jörðin virtist vaxin lágu grasi. Við gengum hlið við hlið og ræddum saman. Allt í einu fannst mér ég verða eitthvað svo léttur á mér. Og ég tók að svífa, lágt yfir jörðu, fram og aftur í kringum félaga minn. Hann nam staðar og fór að horfa á mig.

Mér þótti hann segja: „Þetta er meira en ég get. Hvernig ferð þú að þessu?“ Eg sagði: „Það er erfitt að útskýra, en þú gætir sjálfur reynt að gera tilraun. Reyndu að stökkva upp í loftið“.

Maðuriinn reyndi nú margsinnis að stökkva upp í loftið, en tökst lítt og féll alltaf niður aftur og veltist um á jörðinni. Þó held ég, að hann hafi stokkið nokkuð hærra, en menn geta stokkið hér á jörðu. Ég stóð þarna rétt hjá honum og reyndi að leiðbeina honum, en án árangurs. Svo gafst hann upp við þessar tilraunir og sagði: „Mig langar til að sjá, hve mikið þú getur“.

Við þessi orð hans var eins og mér ykist máttur og áræði og mér fannst ég nú fá meiri getu til að svífa en áður.

Munu þarna hafa komið til greina og orðið mér til styrktar, góð stilliáhrif frá þessum félaga mínum, sem stóð þarna og vænti einhvers mikils af mér.

Ég sprynti mér nú frá jörðu, beint upp. Ég sveif hátt upp; hærra og hærra fór ég. Og á meðan ég hækkaði í loft-

inu, fór ég að syngja. Eitthvert fagurt lag var það og einhver orð, en ekki man ég nú efni þeirra. Einhver innri gleði fyllti sál mína, og braust út í þessu fagra lagi. Ég gat ekki annað en sungið, jafnframt því sem ég sveif hærra og hærra. Ég horfði ámanninn fyrir neðan mig, og sá hann minnka og minnka, unz hann var orðinn eins og örlítill depill. Ég fann að ég var kominn mjög hátt, og ákvað að fara ekki hærra.

Draumurinn varð ekki lengri og vaknaði ég að svo komnu.

II

Oftast fylgir því einhver dásamleg tilfinning að svífa í draumi. Svo var og í framansögðum draumi.

Draumgjafi minn, sá, sem var svo lífmagnaður að geta svifið, var fullur af æðri gleði og þessi gleði hans fékk útrás í því að hann fór að syngja meðan á svifi hans stóð.

Félagi hans sem ekki kunni þá list að svífa, hefur vafalaust stillt hann til sambands við einhverja lengra komna vini, sem hafa veitt honum þátt í lífsorku sinni, bannig að hann hefur um stund getað sigrast á þyngdarafli hnattarins, sem var heimkynni hans.

Ingvar Agnarsson
(Dreymt 6. júlí 1979)

Stjörnumerkið Órion.

Mig dreymdi að ég stóð úti og horfði til himins. Sá ég stjörnumerkið *Órion*, mjög lágt á suðurhimni að mér fannst. Sá ég það mjög skýrt, nema ég tók ekki eftir stjörnummi Saiph, sem er neðst í vinstra horni. En fjósakonurnar brjár sá ég mjög greinilega. Að einu leyti var stjörnumerkið *Órion* frábrugðið því sem er héðan af jörð að sjá. Fjósakonurnar voru allmiklu nær hver annarri en héðan af jörð að sjá í hlutfalli við ytri stjörnur merkisins.

Ingvar Agnarsson
(Dreymt 1956)

Fyrir miðilsmunn.

Miðill: Sveinn Haraldsson.
Fram kom: Kona úr Keflavík

Kona.

Sæl og blessuð.

Margir hérna með mér íslenskir framlíðnir vinir og hugsum til ykkar og fundar og vonum þið getið notið magnanar. Og hér eru mörg þúsund manns samankomin í sambandsstöð. En þessi sambandsstöð er mjög glæsileg í alla staði og hér höfum við sambönd stórkostleg uppráð til enn fullkomnari hnatta en okkar hnöttur enn er orðinn.

Mjög þykir okkur til um heimsóknir, er við fáum iðulega hér frá sambandshnöttum okkar ýmsum. *En það hafa gestir bessir mannsmynd.* Þótt sú mannsmynd sé óumræðilega fögur orðin og um sé að ræða æðri verur þær, sem hafa fullkomlega sigrast á hrörnuninni. En ég hef séð þessar verur hér í salnum koma fram í miklum ljóma og fegurð.

Sigriður: Hafa þær austurlenskan svip. Mér sýnist ég sjá nokkrar manneskjur í óskaplega fallegum kyrtlum svona rauðleitum úr glansandi efni, silki eða eitthvað því um líkt, svarthærðar. (Ath. Þetta hafa verið Indverjar, því Indira Gandhi kom næst á eftir. (Athugas. G.Hjör)

Ekki er það það, sem ég var að tala um. En þú færð að sjá meira og þið öll helst. Á fundum þessum þurfið þið öll að geta séð það, sem fram fer á sambandshnöttum ykkar.

En þetta (er hið) óumræðilega stórkostlega takmark lífsins að ná hinni æðstu fullkomnum og sigrast á öllum hindrunum á þroskabrautinni. Það er áreiðanlega reynt að hjálpa frumlífsmannkynjum að átta sig hvert stefna skuli.

Ég hefði viljað koma hér fram nafni áður en ég hætti. Ég átti heima í Keflavík.

Eiríkur: Er umhverfið líkt Suðurnesjum?

Ekki segi ég svo mjög. En allt er þetta eins og í fagurri mynd.

Heimkynni míni eru björt ákaflega. Mjög fagurt. Hús

það, sem ég hef *eignast* stendur í dalverpi. Skógar hér ekki allfjarri. En hér í dalverpi þessu búa fleiri framliðnir Íslendingar og hafa yndi af landslaginu og fegurð þess. Og ég sé birtu yfir fólkini. Það lýsir af því bókstaflega. Það getur enginn trúáð því fyrr en hann sér það, hvað þetta er fagurt. *En mennirnir eru sumir vitrari en aðrir.* og hafa víðari sjóndeildarhring og stærri. Birtan, sem því hugarfari fylgir, hún er allri annarri birtu fegurri.

Jæja, ég eyði nú allmiklum tíma með svo slitróttu tali og læt þetta nægja. Pakka góðan hug til míni.

Verið nú sæl.

14. 1. 1985
Gunnar Hjörvar
(ritaði eftir segulbandsupptöku)

Fyrir miðilsmunn.

Miðill Sveinn Haraldson.

Fram kom: Ragnhildur Gottskálksdóttir.

Ragnhildur (Gottskálksdóttir):

Sæl verið þið.

Þannig er mál með vexti ég hefi hug á og reyni að lækna bæði konur og karla og börn, öll sem þjást og þurfa á hjálpa að halda, vil ég reyna á allan hátt að hjálpa, ef ég get. Þeir eru læknarnir hérna öflugir og reiðubúnir að hjálpa, ef þeir geta með nokkru orðið að liði. Ég segi ekki meira um það. En eins og ykkur mun kunnugt starfaði ég við læknigar sem milliliður framliðinna lækna meðan ég lifði á jörðinni. Enn er ég í framlífi að starfa sem milliliður, nokkurskonar farvegur lækningarkraftar og leiðbeininga af ýmsum toga.

Margir hugsa til að hjálpa hér og ég hef þetta ekki lengra að þessu sinni.

Pakka.

Verið nú sæl.

(21.1.1985 Gunnar Hjörvar)
Ritaði eftir segulbandsupptöku.

Fyrir miðilsmunn.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Þórbergur Þórðarson.

Þorbergur

Sæl.

Þórðarson. Kallaður Beggi víst af einhverjum en meistari að tign seinna. Og er nú meistaratignin vandfengin stundum. En ég þótti víst ekki sérstaklega líklegur að verða titlaður svo framan af en einhvernveginn átti þetta fyrir mér að liggja. Mér fannst það svo sem ekki neitt tignarheiti en að sumu leyti skemmtilegt. Jæja, nú getur maður ef til vill sagt það (að) til að vera réttnefndur meistari dugi ekki nema afburða gáfur og snilld og afrek, þeirra er skara fram úr fjöldanum og slikt er fáum gefið.

Mín ævi á jörðinni var ekki tiltakanlega ólík ævi margra annarra, þó auðvitað hafi ég haft sérstaka tilhneigingu að fara mínar eigin leiðir í hugsun og hegðun og hvort sem mönnum líkaði betur eða verr. Þá hélt ég fram sumum þeim hugsunum, er féllu ekki alltaf í frjóan jarðveg. En auðvitað hefur það verið svo um alla, sem ákveðnar skoðanir hafa haft fram að færa og misjafnar undirktir voru sýndar.

En mitt verk sem rithöfundur veit ég ekki, hvað segja skal um, hvað hafi verið mikilsvert. En ef til vill eithváð þar, sem gildi hefur fyrir aðra en sjálfan mig, er þá vel. Einnig getur það verið sumt, er væri þar betur ósagt látið. Nú þarf ekki ykkur að segja, hvernig ég hugsa um eilífðarmálin eftir að á aðra jörð er komið. Hef ég um þau allólíkar skoðanir frá því, sem var á jörðinni, nær náttúrufræði og vísindum en áður. Og það er ýmislegt, er ég sagði, sem ég helst hefði viljað geta þurrkað út. En það verður að vera eins og það er.

Nú er ég staddur í borg nokkurri all merkilegri og er ekki alveg óálík Reykjavík. En samt er þessi borg um margt miklu merkilegri, fólkið, er hér býr, víðsýnna, takmark borgarbúa háleitara (spóla búin).

Ingvar Agnarsson.

Starfsemi Nýalssinna árið 1985

Á aðalfundi Félagsins 6. mars 1985 var kosið um menn í stjórn félagsins. Er hún nú þannig skipuð:

Porlákur Pétursson, formaður,
Porsteinn Guðjónsson, varaformaður,
Guðmundur Jónsson, gjaldkeri,
Ingvar Agnarsson, ritari,
Sveinn Haraldsson, meðstjórnandi,
Páll Steinarsson, varamaður í stað Skúla Öfjörð
Svafa Jónsdóttir, varamaður,
Olgeir Möller, endurskoðandi,
Ægir Ólafsson, endurskoðandi.

Sambandsfundir voru haldnir svo til undantekningarlaust á hverju mánuðagskvöldi. Miðill var Sveinn Haraldsson.

Gunnar Hjörvar tók flesta sambandsfundi upp á seglubönd, og hefur hreinritað þá upp að mestu.

Félagsfundir voru haldnir fyrsta miðvikudagskvöld hvers mánaðar, nær undantekningarlaust, og hafa umræður að jafnaði verið líflegar um sambandsmálefni og um annað það er fyrir hefur legið hverju sinni.

Guðmundur Einarsson, verkfræðingur mætti á félagsfundi þann 31. mars og hélt erindi sem hann nefndi: „Andinn og efnið”, en þar gerði hann einkum grein fyrir hinum merkilegu hæfileikum Uri Gellers, sem mjög frægur er fyrir fyrirbrigði þau, sem gerast í sambandi við hann.

Á fyrri hluta ársins kom út bókin *Pingvellir og goðaveldið*, eftir Porsteinn Guðjónsson. Er það leiðarvísir um alþingisstaðinn forna, um Öxarárping frá upphafi, um Lögréttu o.m.fl., sem þjóðinni allri hefur jafnan verið hugleikið að vita sem best deili á. Bókin er 80 bls. að stærð, útgefandi Formprend.

Þá ritaði Porsteinn Guðjónsson aðra bók á ensku um sama efni: „Thingvellir, the Parliament Plains of Iceland”, kom út síðar á árinu. Hún er 96. bls. og útgefandi er sá sami, Formprend.

Lífgeislar komu út á árinu í hliðstæðu formi og áður, en urðu nokkuð siðbúnir, vegna óviðræðanlegra tafa. Reynt var að vanda sem best til ritsins. Það hefur nú komið út í ellefu ár. Vel væri þegið, að sem flestir sendu ritinu efni hverskonar til þess að gera það sem fjölbreyttast.

Astæða er til að beina þeirri ósk til félagsmanna og lesenda, að þeir leggi sig fram um að afla Lífgeislum nýrra áskrifenda, en á fjölda skilvísra kaupanda byggist það mjög, hvort unnt er að halda útgáfu ritsins áfram.

Ég þakka svo velunnurum málefnisins samvinnuna á liðnu ári og óska þeim farsældar á því komandi.

Fyrir hönd ritstjórnar Lífgeisla
Ingvar Agnarsson.

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, 121 Reykjavík

Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Vetrarbrautin stórkostlega. (Sjá fors.mynd) I.A.	146
Stærð himnaríkis. Þorsteinn Guðjónsson.	147
Spurningar og lausnir. Þorsteinn Jónsson á Úlfs-stöðum.	150
Litróf stjarnanna. (Með mynd). I.A.	152
Lífgeislæindirnar (Með 2 myndum) Þorbjörn Asgeirsson.	154
Píramídinn mikli (Með mynd. Gunnar Hjörvar.	161
Hamfarasögur. Ingvar Agnarsson.	164
Fjarskynjun eða líkamning. Þorsteinn Jónsson.	167
Ari fróði og séra Matthías. Þorsteinn Guðj.s.	168
Alkyrrð. S.S.T.	171
Veiðíaráttta. Gunnar Hjörvar.	171

LJÓÐ:

Ef ég gæti flogið. Jóhann Gunnar Sigurðsson.	172
Öfugur Darwinismus. Einar H. Kvaran.	172
Álfhóll (Með mynd). Davíð Stefánsson.	173

DRAUMAR:

Draumur um svif hátt í loft upp. I.A.	174
Stjörnumerkið Órion. Ingvar Agnarsson.	175

SAMBANDSFUNDIR:

Fyrir miðilsmunn. (Miðill Sv.Har.,ritari G.Hjv.)	176
Kona úr Keflavík. — Ragnhildur Gottskálksdóttir. — Þórbergur Þórðarson.	

Starfsemi Félags Nýalssinna. I.A.	179
-------------------------------------------	-----

MYR:

Spekiorð úr kenningum Anaximanders.	149
---------------------------------------------	-----